

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 313/2013

2013/EES/56/43

frá 4. apríl 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar (breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS 10, 11 og 12) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (¹), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008(²) voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkánir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Þann 28. júní 2012 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (e. IASB) út breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS-staðli 10, samstæðureikningsskil, IFRS-staðli 11, sameiginlegt fyrirkomulag, og IFRS-staðli 12, upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum (breytingarnar), urðu til í kjölfar tillagna í birtingardögum þess Aðlögunarleiðbeiningar; sem voru birtar í desember 2011. Markmiðið með breytingunum er að skýra tilgang Alþjóðareikningsskilaráðsins með fyrstu útgáfu á aðlögunarleiðbeiningum í IFRS-staðli 10. Breytingarnar verða einnig til þess að liðka fyrir aðlöguninni, að því er varðar IFRS-staðal 10, IFRS-staðal 11 og IFRS-staðal 12, þar eð krafan um að leggja fram samanburðarupplýsingar á einungis við um næstliðið samanburðartímabil. Enn fremur hafa breytingarnar í för með sér, að því er varðar upplýsingagjöf um sérsniðnar einingar, sem ekki eru í samstæðureikningi, að krafan um að leggja fram samanburðarupplýsingar fyrir fyrstu beitingu IFRS-staðals 12, er felld niður.
- 3) Breytingarnar á IFRS-staðli 11, fela í sér tilvísanir í IFRS-staðal 9, sem ekki er hægt að beita nú þar sem IFRS-staðall 9 hefur ekki enn verið samþykktur af Sambandinu. Því ber að lesa sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, sem tilvísun í IAS-staðal 39, fjármálagerningar: færsla og mat.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjóri. ESB L 95, 5.4.2013, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(¹) Stjóri. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

(²) Stjóri. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

4) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er það staðfest að breytingarnar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12 uppfylli tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil,

## SAMPYKKT REGLUGERÐ PESSA:

1. gr:

1. Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

- a) Alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 10, samstæðureikningsskil, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,
- b) IFRS-staðli 11, sameiginlegt fyrirkomulag er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð,
- c) IFRS-staðli 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla er breytt í samræmi við IFRS-staðal 11 eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,
- d) IFRS-staðli 12, upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. Sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, ber að lesa sem tilvísun í alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS-staðal 39, fjármálagerningar: færsla og mat.

2. gr:

Félög skulu beita breytingunum, sem vísad er til í 1. mgr. 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2014 eða síðar.

3. gr:

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gjildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. apríl 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar;*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

*VIDAUKI***ALÞJÓDLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR**

<b>IFRS 10</b>	<b>IFRS 10</b> <i>Samstæðureikningsskil</i>
<b>IFRS 11</b>	<b>IFRS 11</b> <i>Sameiginlegt fyrirkomulag</i>
<b>IFRS 12</b>	<b>IFRS 12</b> <i>Upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum</i>

„Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gjildandi réttur utan EES er áskilinn að frátoldum rétti til afritunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu á [www.iasb.org](http://www.iasb.org)“

**Samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum:  
Aðlögunarleiðbeiningar**

(Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12)

**Breytingar á IFRS-staðli 10, samstæðureikningsskil**

Lið C1A er bætt við í viðbæti C.

C1A *Samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar* (Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12) útgefnar í júní 2012, breyttu liðum C2–C6, og bættu við liðum C2A–C2B, C4A–C4C, C5A og C6A–C6B. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 10 að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

Í viðbæti C er lið C2 breytt.

C2 Eining skal beita þessum IFRS-staðli afturvirk, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir; breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkju;* nema að því leyti sem tilgreint er í liðum C2A–C6.

Í viðbæti C er liðum C2A–C2B bætt við.

C2A Prátt fyrir krófurnar í 28. lið IAS-staðals 8, þarf eining, þegar þessum alþjóðlega reikningsskilastaðli er beitt í fyrsta sinn, einungis að leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir árlega tímabilið næst á undan þeim degi þegar þessum IFRS-staðli var fyrst beitt („næstliðna tímabilið“). Einingu er einnig heimilt að leggja fram þessar upplýsingar fyrir yfirstandardi tímabil eða fyrir fyrrí samanburðartímabil, en þess er ekki krafist.

C2B Að því er varðar þennan IFRS-staðal er dagsetning upphaflegrar beitingar við upphaf árlega reikningsskilatímabilsins þegar þessum alþjóðlega reikningsskilastaðli er beitt í fyrsta sinn.

Í viðbæti C er liðum C3–C4 breytt. Lið C4 hefur verið skipt upp í liði C4 og C4A

C3 Við dagsetningu upphaflegrar beitingar er ekki gerð krafra um að eining geri breytingar á fyrrí reikningsskilum vegna þáttöku sinnar í annað hvort:

- a) einingum sem myndu falla undir samstæðureikningsskil á þeim degi í samræmi við IAS-staðal 27, *samstæðureikningsskilog aðgreind reikningsskilog SIC-tulkun 12, samstæðureikningsskil—rekstrareiningar um sérværkefni* og eru enn hluti af samstæðu í samræmi við þennan IFRS-staðal, eða
- b) einingum sem falla ekki undir samstæðureikningsskil á þeim degi í samræmi við IAS-staðal 27 og SIC-tulkun 12, og eru ekki í samstæðureikningsskilum í samræmi við þennan IFRS-staðal.

C4 Ákveði fjárfestir, á degi upphaflegrar beitingar, að gera samstæðu úr félagi sem fjárfest er í, sem myndaði ekki samstæðu samkvæmt IAS-staðli 27 og SIC-tulkun 12, skal hann:

- a) ef félagið sem fjárfest er í er fyrirtæki (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja*), meta eignir, skuldir og hlutdeild hlutar sem ekki er ráðandi í félaginu sem fjárfest er í, og sem fram að þessu myndar ekki samstæðu, eins og ef það félag sem fjárfesta á í myndar samstæðu (og hafi þannig fært yfirtökuna í samræmi við IFRS-staðal 3) frá þeim degi, þegar fjárfestirinn óðlaðist yfirráð í fyrirtækini sem fjárfest var í, á grundvelli krafannna í þessum IFRS-staðli. Fjárfestirinn skal leiðréttasta afturvirk næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar. Ef dagsetningin, þegar fjárfestirinn óðlaðist þau yfirráð, er á undan þeiri dagsetningu þegar næstliðna tímabilið hefst, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, færa allan mismun á milli:
  - i. fjárhæðar eigna, skulda og færðra hluta sem ekki eru ráðandi, og
  - ii. fyrra bókfærðs verðs hlutdeilda fjárfestisins í félaginu sem fjárfest er í.
- b) ef félagið sem fjárfest er í, er ekki fyrirtæki (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3), meta eignir, skuldir og hlutdeild hlutar sem ekki er ráðandi í félaginu sem fjárfest er í, og sem fram að þessu myndar ekki samstæðu, eins og ef það félag sem fjárfest er í, myndar samstæðu (með beitingu yfirtokuðferðarinnar sem lýst er í IFRS-staðli 3, en án þess að færa viðskiptavild félagsins sem fjárfest er í) frá þeim degi, þegar fjárfestirinn óðlaðist yfirráð í fyrirtækini sem fjárfest var í, á grundvelli krafannna í þessum IFRS-staðli. Fjárfestirinn skal leiðréttasta afturvirk næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar. Ef dagsetningin, þegar fjárfestirinn óðlaðist þau yfirráð, er á undan þeiri dagsetningu þegar næstliðna tímabilið hefst, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, færa allan mismun á milli:
  - i. fjárhæðar eigna, skulda og færðra hluta sem ekki eru ráðandi, og
  - ii. fyrra bókfærðs verðs hlutdeilda fjárfestisins í félaginu sem fjárfest er í.

C4A Ef ekki er hægt að frankvæma mat á eignum, skuldum og hlut sem ekki er ráðandi í samræmi við a- eða b-lið liðar C4 (eins og skilgreint er í IAS-staðli 8), skal fjárfestirinn:

- a) þegar félagið sem fjárfest er í er fyrirtæki, beita kröfunum í IFRS-staðli 3, frá og með álitnum kaupdegi. Álitinn kaupdagur er dagurinn við upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita a-lið liðar C4, sem getur verið yfirstandandi tímabil.
- b) þegar félagið sem fjárfest er í er ekki fyrirtæki, skal beita yfirtökuaðferðinni sem lýst er í IFRS-staðli 3, en án þess að viðurkenna viðskiptavild félagsins sem fjárfest er í, frá og með álitnum kaupdegi. Álitinn kaupdagur er dagurinn við upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita b-lið liðar C4, sem getur verið yfirstandandi tímabil.

Fjárfestirinn skal leiðréttast afturvirkta næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar, nema að upphaf fyrsta tímabilsins, sem hægt er að beita þessum lið sé yfirstandandi tímabil. Ef álitinn kaupdagur er á undan upphafi næstliðna tímabilsins, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, fára allan mismun á milli:

- c) fjárhæðar eigna, skulda og viðurkenndra hluta sem ekki eru ráðandi, og
- d) fyrra bókfærðs verðs fjárfestisins vegna þátttoku sinnar í félagini sem fjárfest er í.

Ef upphaf fyrsta tímabilsins, sem hægt er að beita þessum lið, er yfirstandandi tímabil, skal fára leiðréttunguna á eigin fé við upphaf yfirstandandi tímabilsins.

Í viðbæti C er liðum C4B–C4C bætt við.

- C4B Þegar fjárfestir beitir liðum C4–C4A og dagsetningin, þegar fjárfestirinn óðlaðist yfirráð, í samræmi við þennan IFRS-staðal, er á eftir gildistökudegi IFRS-staðals 3, eins og hann var endurskoðaður árið 2008 (IFRS-staðall 3 (2008)), skulu tilvísanir í IFRS-staðal 3, I liðum C4 og C4A vera í IFRS-staðal 3 (2008). Ef fjárfestirinn óðlaðist yfirráð fyrir gildistökudag IFRS-staðals 3 (2008), skal hann annað hvort beita IFRS-staðli 3 (2008) eða IFRS-staðli 3 (gefinn út 2004).
- C4C Þegar fjárfestir beitir liðum C4–C4A og dagsetningin, þegar fjárfestirinn óðlaðist yfirráð, í samræmi við þennan alþjóðlega reikningsskilastaðal, er á eftir gildistökudegi IAS-staðals 27, eins og hann var endurskoðaður árið 2008 (IAS-staðall 27 (2008)), skal fjárfestir beita kröfum þessa IFRS-staðals fyrir öll tímabilin sem félagið sem fjárfest er í myndar samstæðu afturvirkta í samræmi við liði C4–C4A. Hafi yfirráðum verið náð fyrir gildistökudag IAS-staðals 27, skal fjárfestir beita annað hvort:

- a) kröfum þessa IFRS-staðals fyrir öll tímabil sem félagið sem fjárfest er í myndar samstæðu afturvirkta, í samræmi við liði C4–C4A, eða
- b) kröfunum í útgáfunni af IAS-staðli 27, sem var gefinn út árið 2003 (IAS-staðall 27 (2003)), fyrir tímabilin á undan gildistökudegi IAS-staðals 27 og þar á eftir kröfum þessa IFRS-staðals fyrir síðari tímabil.

Í viðbæti C er liðum C5–C6 breytt. Lið C5 hefur verið skipt upp í liði C5 og C5A

- C5 Ákveði fjárfestir, á degi upphaflegrar beitingar, að hann muni ekki lengur taka félag sem fjárfest er í með í samstæðureikningsskil, sem var með í samstæðureikningsskilum í samræmi við IAS-staðal 27 og SIC-tulkun 12, skal fjárfestirinn meta hlutdeild sína í félagini sem fjárfest var í á þeirri fjárhæð sem það hefði verið metið á, ef kröfur þessa IFRS-staðals hefðu verið virkar þegar fjárfestirinn hóf afskipti af (en óðlaðist ekki yfirráð fyrir í samræmi við þennan IFRS-staðal) eða missti yfirráð fyrir félagini sem fjárfest er í. Fjárfestirinn skal leiðréttast afturvirkta næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar. Þegar dagsetningin sem fjárfestirinn hóf afskipti af (en óðlaðist ekki yfirráð í samræmi við þennan IFRS-staðal), eða missti yfirráð fyrir félagini sem fjárfest var í, er á undan upphafi næstliðna tímabilsins, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, fára allan mismun á milli:

- a) fyrra bókfærðs verðs eignanna, skulda og færðra hluta sem ekki eru ráðandi, og
- b) færðrar fjárhæðar fjárfestisins vegna hlutdeilda sinnar í félagini sem fjárfest er í.

- C5A Ef ekki er hægt að framkvæma mat á hlutdeild í félagini sem fjárfest er í, í samræmi við lið C5 (eins og skilgreint er í IAS-staðli 8), skal fjárfestirinn beita kröfum þessa IFRS-staðals við upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita lið C5, sem getur verið yfirstandandi tímabil. Fjárfestirinn skal leiðréttast afturvirkta næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar, nema að upphaf fyrsta tímabilsins, sem hægt er að beita þessum lið sé yfirstandandi tímabil. Þegar dagsetningin sem fjárfestirinn hóf afskipti af (en óðlaðist ekki yfirráð í samræmi við þennan IFRS-staðal), eða missti yfirráð fyrir félagini sem fjárfest var í, er á undan upphafi næstliðna tímabilsins, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, fára allan mismun á milli:

- a) fyrra bókfærðs verðs eignanna, skulda og færðra hluta sem ekki eru ráðandi, og

- b) færðar fjárhæðar fjárfestisins vegna hlutdeildar sinnar í félaginu sem fjárfest er í.

Ef upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita þessum lið er yfirstandandi tímabil, skal fára leiðréttunga á eigin fé við upphaf yfirstandandi tímabilsins.

- C6 Liðir 23, 25, B94 og B96–B99 voru breytingar við IAS-staðal 27, sem gerðar voru 2008 og yfirferðar í IFRS-staðal 10. Eining skal beita kröfunum í þessum liðum, nema hún beiti lið C3 eða þess er krafist að hún beiti liðum C4–C5A, með eftirsandi hætti:

- a) ...

Í viðbæti C, er bætt við fyrirsögn og liðum C6A–C6B.

#### Tilvísun í „næstliðið tímabil“

- C6A Þrátt fyrir tilvísanir í næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar („næstliðna tímabilið“) í liðum C4–C5A, er einingu einnig heimilt að leggja fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrra tímabil sem sett eru fram, en þess er ekki krafist. Leggi eining fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrra tímabil, ber að líta á allar tilvísanir í „næstliðna tímabilið“ í liðum C4–C5A sem það „fyrra af fyrrri leiðréttum samanburðartímabilum, sem sett hafa verið fram“.

- C6B Leggi eining fram óleiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrra tímabil, skal hún auðkenna óleiðréttu upplýsingarnar með skýrum hætti, tilgreina að þær hafi verið unnar á öðrum grundvelli og gera grein fyrir þeim grundvelli.

#### Breytingar á IFRS-staðli 11, sameiginlegt fyrirkomulag

Í viðbæti C er liðum C1A–C1B bætt við.

- C1A *Samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum; Aðlögunarleiðbeiningar* (Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12) útgefnar í júní 2012, breytingar á liðum C2–C5, C7–C10, C12 og liðum C12A–C12B er bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefst 1. janúar 2013 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 11 að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil og einingin skal greina frá beitingunni.

#### Aðlögun

- C1B Þrátt fyrir krófurnar í lið 28 í IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, þarf eining, þegar þessum IFRS-staðli er beitt í fyrsta sinn, einungis að leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir árlega tímabilið næst á undan árlega tímabilinu þegar IFRS-staðli 11 var fyrst beitt („næstliðna tímabilið“). Einingu er einnig heimilt að leggja fram þessar upplýsingar fyrir yfirstandandi tímabil eða fyrir fyrra samanburðartímabil, en þess er ekki krafist.

Í viðbæti C er liðum C2–C5, C7–C10 og C12 breytt.

#### Samrekstur — umskipti frá hlutfallslegum samstæðureikningsskilum yfir í hlutdeildaaraðferð

- C2 Við breytinguna frá hlutfallslegum samstæðureikningsskilum yfir í hlutdeildaaraðferð, skal eining fára fjárfestingu sína í samrekstrinum frá upphafi næstliðna tímabilsins. Meta skal upphaflegu fjárfestinguna sem samanlagt bókfært verð eignarinnar og skuldir sem einingin gerði grein fram að þessu í hlutfallslegum samstæðureikningsskilum, þ.m.t. viðskiptavild sem er til komin vegna yfirtökum. Í því tilviki að viðskiptavildin tilheyrði áður fjárskapandi einingu, eða fjárskapandi einingafloknum, skal einingin útdeila viðskiptavildinni á samreksturinn á grundvelli hlutfallslegs bókferðs verðs samrekstursins og á fjárskapandi eininguna eða fjárskapandi einingarfloknum sem hún var hluti af.
- C3 Upphafsstæða fjárfestingarinnar, sem ákvörðuð er í samræmi við lið C2, telst vera álitinn kostnaður fjárfestingarinnar í upphafsfærslunni. Eining skal beita liðum 40–43 í IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2001) á upphafsstöðu fjárfestingarinnar til að meta hvort fjárfestingin hefur rýnað að virði og fára virðisryðnunartap sem leiðréttingu á óráðstöfuðu eigin fé frá upphafi næstliðna tímabilsins. Upphaflega undanþágúfarslan í liðum 15 og 24 í IAS-staðli 12, *tekjuskattar* gildir ekki þegar eining ferir hlutdeild í samrekstri, sem leiðir af beitingu bráðabirgðakrafnaða fyrir samrekstur, sem áður var gerð grein fyrir í hlutfallslegu samstæðureikningsskilunum.
- C4 Sé niðurstaða allra samanlagðra fyrir hlutfallslegu samstæðureikningsskila eigna og skulda neikvæð hrein eign, skal eining meta hvort hún hefur lagalegar eða ætlaðar skuldbindingar í tengslum við neikvæðu hreinu eignina og ef svo er, skal einingin fára samsvarandi skuld. Komist eining að þeiri niðurstaðu að hún hafi hvorki lagalegar eða ætlaðar skuldbindingar í tengslum við neikvæðu hreinu eignina skal hún ekki fára samsvarandi skuld heldur leiðréttu óráðstafað, eigið fó við upphaf næstliðna tímabilsins. Eininger skal greina frá því ásamt uppsöfnuðum ófærðum hlut í tapi samreksturs síns við upphaf næstliðna tímabilsins og á þeim degi þegar þessum IFRS-staðli er fyrst beitt.

- C5 Eining skal upplýsa um sundurliðun eigna og skulda sem lagðarhafa verið saman í eina línu í fjárfestingarjöfnuðinum eins og hún var við upphaf næstliðna tímabilsins. Þessar upplýsingar skulu gerðar á samanteknu formi varðandi allan samrekstur sem sýrtækið beitir bráðabirgðaákvæðunum á, sem um getur í C2–C6.

- C6 ...

**Sameiginlegur rekstur—umbreyting frá hlutdeildaraðferð yfir í reikningsskil fyrir eignir og skuldir**

- C7 Eining skal, við upphaf næstliðna tímabilsins, þegar umbreyting frá hlutdeildaraðferð yfir í reikningsskil fyrir eignir og skuldir á sér stað, að því er vardar hlutdeild hennar í sameiginlegum rekstri, afskrá fjárfestinguna sem áður var færð með hlutdeildaraðferðinni og alla aðra þættí sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar í fyrirkomulaginu í samræmi við 38. lið IAS-staðals 28 (eins og honum var breytt 2011) og færa hlut sinn í eignum og skuldum að því er vardar hlutdeild hennar í sameiginlega rekstrinum, þ.m.t. viðskiptavild, sem myndar hluta af bókfaerðu verði fjárfestingarinnar.

- C8 Eining skal ákvæða hlutdeild sína í eignum og skuldum að því er vardar sameiginlega reksturinn á grundvelli réttinda sínum og skyldna í tilteknu hlutfalli í samræmi við sammingsbundna fyrirkomulagið. Eining metur upphaflegt bólkfaert verð eigna og skulda með því að aðgreina þær frá bólkfaerðu verði fjárfestingarinnar við upphaf næstliðna tímabilsins á grundvelli upplýsinganna sem einingin notar við beitingu hlutdeildaraðferdarinnar.

- C9 Allan mismun, sem leiðir af fjárfestungunni sem áður var færður með því að nota hlutdeildaraðferð ásamt öllum öðrum þáttum sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar í fyrirkomulaginu, í samræmi við 38. lið IAS-staðals 28 (eins og honum var breytt 2011), og hrein fjárhæð eigna og skulda, þ.m.t. færð viðskiptavild, skal:

- a) jafna saman viðskiptavild, að því er vardar fjárfestinguna, á móti eftirstandardi mismun sem jafnað er á móti óráðstöfudu eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins ef hrein fjárhæð eignanna og skuldanna, þ.m.t. færð viðskiptavild, er hærri en afskráða fjárfestingin (og allir aðrir þættir sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar).
- b) jafna á móti óráðstöfudu, eigin fé, við upphaf næstliðna tímabilsins, ef hrein fjárhæð eignanna og skuldanna, þ.m.t. færð viðskiptavild er lægri en afskráða fjárfestingin (og allir aðrir þættir sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar).

- C10 Eining sem breytir frá hlutdeildaraðferð yfir í reikningsskil fyrir eignir og skuldir skal leggja fram afstemmingu á milli afskráðrar fjárfestingar og færðra eigna og skulda, ásamt eftirstandardi mismun sem jafnað er á móti óráðstöfudu, eigin fé, við upphaf næstliðna tímabilsins.

- C11 ...

**Bráðabirgðaákvæði í aðgreindum reikningsskilum einingar**

- C12 Eining sem, í samræmi við 10. lið í IAS-staðli 27, gerði áður reikningsskil í aðgreindum reikningsskilum sínum vegna hlutdeilda sinnar í sameiginlegum rekstri, sem fjárfestingu á kostnaðarverði éða í samræmi við IFRS-staðal 9, skal:

- a) afskrá fjárfestinguna og fær eignina og skuldirnar að því er vardar hlutdeild sína í sameiginlega rekstrinum á þeirri fjárhæð sem ákvörðuð er í samræmi við liði C7–C9.
- b) leggja fram afstemmingu á milli afskráðrar fjárfestingar og færðra eigna og skulda ásamt eftirstandardi mismun leiðréttum í óráðstöfudu, eigin fé, við upphaf næstliðna tímabilsins, sem sett hefur verið fram.

Í viðbæti C, er bætt við sýrirsögn og liðum C12A–C12B.

**Tilvisun í „næstliðna tímabilið“**

- C12A Þrátt fyrir tilvisun í næstliðna tímabilið í liðum C2–C12, er einingu einnig heimilt að leggja fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir sýrri tímabil sem birt eru, en þess er ekki krafist. Leggi eining fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir sýrri tímabil, ber að lita á allar tilvisanir í „næstliðna tímabilið“ í liðum C2–C12 sem það „fyrsta af sýrri leiðréttum samanburðartímabilum, sem sett hafa verið fram“.

C12B Leggi eining fram óleiðréttar samburðarupplýsingar syrir fyrri tímabil, skal hún auðkenna óleiðréttu upplýsingarnar með skýrum hætti, tilgreina að þær hafi verið unnar á öðrum grundvelli og gera grein syrir þeim grundvelli.

**Breytingar á IFRS-staðli 11, sameiginlegt fyrirkomulag**

**Breytingar sem af þessu leiða á IFRS-staðli 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla**

Í þessum viðbæti eru settar fram breytingar á IFRS-staðli 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem leiða af útgáfu Ráðsins á breytingum á IFRS-staðli 11, sameiginlegt fyrirkomulag. Eining skal beita þeitri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 1.

**IFRS-staðall 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla**

Lið 39S er bætt við.

39S *Samstædureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar* (Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12) útgefnar í júní 2012, breytingar á lið D31. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 11 (eins og honum var breytt í júní 2012).

Í viðbæti D er lið D31 breytt.

**Sameiginlegt fyrirkomulag**

D31 Notandi sem beitir staðlinum í fyrsta sinn getur beitt bráðabirgðaákvæðunum í IFRS-staðli 11, með eftirfarandi undantekningum:

- a) við beitingu á bráðabirgðaákvæðunum í IFRS-staðli 11, skal notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn beita þessum ákvæðum á þeim degi sem skipt er yfir í IFRS-staðla.
- b) við breytinguna frá hlutfallslegum samstædureikningsskilum yfir í hlutdeildaraðferð, skal notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn prófa samkvæmt IAS-staðli 36, hvort fjárfestingin hafi virðisýrnað frá þeim degi sem skipt var yfir í IFRS-staðla, óháð því hvort einhver vísbanding sé um virðisýrmun fjárfestingarinnar. Öll virðisýrnun sem af þessu leiðir skal færð sem leiðrétt örðstafað, eigið fó á þeim degi sem skipt er yfir í IFRS-staðla.

**Breytingar á IFRS-staðli 12, upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum**

Í viðbæti C er liðunum C1A og C2A–C2B bætt við.

C1A *Samstædureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar* (Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12) útgefnar í júní 2012, bætti við liðum C2A–C2B. Eining skal beita þessum breytingum að því er vardar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Beiti eining IFRS-staðli 12 á fyrra tímabili, taka breytingarnar gildi á því fyrra tímabili.

C2 ...

C2A Ekki þarf að beita birtingarkröfum þessa IFRS-staðals fyrir þau tímabil sem sett hafa verið fram og sem hefjast á undan árlega tímabilinu næst á undan því árlega tímabili þegar IFRS-staðli 12 var fyrst beitt.

C2B Ekki þarf að beita birtingarkröfunum í 24.–31. lið og í viðkomandi leiðbeiningum í liðum B21–B26 þessa IFRS-staðals á tímabilin sem sett eru fram og hefjast á undan árlega tímabilinu þegar IFRS-staðli 12 var fyrst beitt.